

Nd.

446. Nefndarátt

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólarjettindum.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti mentamálanefndar telur þá hugsun, sem fram kemur í þessu frv., svo athyglisverða, að ekki sje rjett að fella nú þetta frv., heldur beri að veita því frekari meðferð á þinginu. Þegnskylduvinnu-hugmyndin er engan veginn ný, og margir hafa litið svo á, að af henni mætti margt gott leiða. Hjer er í raun og veru um þegnskylduvinnu að ræða, en því aukið við, að þeir, sem vinnuna inna af hendi, fá borgun fyrir hana í því, sem telja má þjóðfjelaginu til mikilla nytja, aukinni mentun og menning. Kostnaðurinn lendir þá á sýslu þeirri, sem í hlut á, í svipinn, en hún mun njóta þess síðar í betri starfskröftum og notameira starfi íbúa sinna.

Á hinn bóginn telur minni hl. óþarft að samþykkja almenna heimild um þetta efni. Virðist rjettara að byrja með því að veita þeim einum heimildina, sem óskað hafa eftir henni, og ganga aðalbrtt. út á það, að færa frv. í það form.

Þá þótti vissara að fá samþykki $\frac{2}{3}$ til þess að hefja þessa starfsemi, vegna þess að hjer er um allviðurhlutamikla ákvörðun að ræða. Þá er og rjett að hafa aldurstakmarkið rýmra en er í frv.

Þar sem rikið hefir ekki aðra trygging fyrir framlagi sínu en þá, að

fá húsið sjálft með því landi, sem því fylgir, og það mun vera tilgangurinn að láta skólann fá jörð þá, sem húsið verður reist á, þá þykir rjettara að gera það beinlínis að skilyrði. Er þá nokkuð aukin sú trygging, sem ríkið hefir, og þá jafnframt aukin hvöt sýslunnar til þess að láta ekki til þess koma, að skólinn verði ekki starfræktur.

Loks virðist sjálfsagt að undanþiggja þá menn ákvæðum 1. gr., sem kaupa nám í öðrum skólum.

Samkvæmt þessu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Sýslunefnd Rangárvallasýslu skal heimilt að ákveða, að ungmennaskóli skuli starfræktur í sýslunni með því fyrirkomulagi, að allir verkfærir menn innan sýslunnar vinni einhverntíma á aldrinum 18—20 ára í þarfir sýslufjelagsins kauplaust 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis kenslu og húsnæði í ungmennaskóla sýslunnar um 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram, eftir þeim reglum og með þeim takmörkunum, sem um getur í eftirfarandi greinum.

II. Við 2. gr.

a. Í stað »lýðskóla« kemur: ungmennaskóla.

b. Orðin »eða bæjarstjórnar« falla burt.

III. Við 3. gr.

a. Í stað »meiri hluti« kemur: $\frac{2}{3}$.

b. Í stað »lýðskóla« kemur: ungmennaskóla.

c. Orðin »eða bæjarfjelinu« falla burt.

d. Við greinina bætist: enda leggi sýslan til ókeypis jarðnæði, þar sem skólinn á að standa.

IV. Við 4. gr.

a. Í stað orðanna »sýslu- eða bæjarfjelog« kemur: sýslufjelagið.

b. Í stað orðanna »að skólahúsið« kemur: er skólahúsið.

c. Í stað orðanna »með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi« kemur: ásamt jörðinni, sem skólahúsið er reist á.

d. Aftan við 4. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Nú stundar maður nám við annan skóla, jafngildan eða fremri ungmennaskóla sýslunnar, og er hann þá undanþeginn ákvæðum 1. gr.

V. Við 5. gr.

a. 5. gr. verður 6. gr.

b. Fyrstu málsgr. skal orða svo:

Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur reglugerð, sem yfirstjórn fræðslumála staðfestir, og skal í henni kveða á um tilhögun vinnunnar og skólahaldsins.

c. Orðin »eða bæjarsjóð« í 3. málsgr. falla burt.

VI. Fyrirsögn frv. verður: Frumvarp til laga um heimild fyrir Rangárvalla-
sýslu til að starfrækja ungmennaskóla með þegnskylduvinnu.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Magnús Jónsson,
fundaskr.